

Tillaga til 492. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 17. mars 2022

Tillaga frá 1191. fundi bæjarráðs, sem fram fór 14. mars 2022, um að bæjarstjórn samþykki viðauka 4 við fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar 2022, og samþykkja þar með jafnframt beiðni Háskólaseturs Vestfjarða, f.h. óstofnaðrar húsnæðissjálfsseignarstofnunar um byggingu nemendagarða, um að Ísafjarðarbær sjái um niðurrif skúrabyggingar við Fjarðarstræti 20 á Ísafirði og afhendi þannig lóðina tilbúna til byggingar.

Áhrif viðaukans á samantekin A og B hluta er aukinn kostnaður kr. 37.947.487,- eða lækkun rekstrarafgangs úr kr. 68.120.146 í kr. 30.172.659.

3. Húsnæðismál háskólanemenda - beiðni um niðurrif skúra við Fjarðarstræti 20 - 2022030070

Lagt fram erindi Peter Weiss, forstöðumanns Háskólaseturs Vestfjarða, dags. 8. mars 2022, þar sem þess er farið á leit að Ísafjarðarbær afhendi lóðina við Fjarðarstræti 20, Ísafirði, án þeirra skúra sem nú standa á lóðinni.

Jafnframt lagt fram minnisblað Bryndísar Óskar Jónsdóttur, sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs, Eddu Maríu Hagalín, fjármálastjóra, og Axels R. Överby, sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs, dags. 11. mars 2022, vegna málsins. Auk þessa lagður fram viðauki 4 við fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar 2022, ef bæjarstjórn samþykkir beiðni um niðurrif skúra.

Áhrif viðaukans á rekstrarniðurstöðu samstæðu Ísafjarðarbæjar er aukning kostnaðar um kr. 38 m.kr.,-

Áhrif viðaukans á sveitasjóð A hluta er aukinn kostnaður kr. 37.947.487,- og er því rekstrarhalli að hækka úr 312.196.043 í kr.

350.143.530,-.

Áhrif viðaukans á samantekin A og B hluta er aukinn kostnaður kr. 37.947.487,- eða lækkun rekstrarafgangs úr kr. 68.120.146 í kr. 30.172.659.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja viðauka 4 við fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar 2022, og samþykkja þar með jafnframt beiðni Háskólaseturs Vestfjarða, f.h. óstofnaðrar húsnæðissjálfsseignarstofnunar um byggingu nemendagarða, um að Ísafjarðarbær sjái um niðurrif skúrabyggingar við Fjarðarstræti 20 á Ísafirði og afhendi þannig lóðina tilbúna til byggingar.